

Fundargerð 166. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 17. desember 2015
Fundartími: 17:00 – 18:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir varamaður Elínar Höskuldsdóttur
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að bæta við undir liðnum „Önnur mál“ erindi til skipulagsnefndar Uppsveita.

1. Skipulagsmál: Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 101, dags. 10.12.2015

a) Vatnsendi: Alifuglabú: Deiliskipulag – 1508012

Lögð fram að nýju lýsing deiliskipulags fyrir nýtt kjúklingabú á jörðinni Vatnsenda ásamt innkomnum athugasemdum og umsögnum. Þá liggur nú fyrir umsögn umsækjanda deiliskipulagsins um fyrirbyggjandi athugasemdir. Að mati skipulagsnefndar þarf að gera betur grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum af fyrirhugaðri starfsemi og þá sérstaklega lyktarmengun í tengslum við ríkjandi vindáttir á svæðinu áður en ákvörðun er tekin um framhald málsins. Ákvæði reglugerðar um 50 m fjarlægð er lágmarksviðmið og telur nefndin líklegt að í þessu tilviki þurfi fjarlægðin að vera meiri eða 200 m frá lóðamörkum til að starfsemin verði ekki íþyngjandi fyrir nærliggjandi lóðir. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum og bendir á að landrými jarðarinnar Vatnsenda gefur möguleika á að staðsetja fyrirhugaðar byggingar fjær lóðamörkum. Sveitarstjórn mun við setningu nýs aðalskipulags marka sér stefnu um fjarlægð bygginga að lóðamörkum fyrir alifugla-svína og loðdýrabú.

b) Tún 166281: Umsókn um byggingarleyfi: Fjós – stækkun – 1511080

Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi fjós, 315 ferm og 1.446 rúmm tvo vegu auk annarra breytinga.

Nefndin samþykkir að ekki sé þörf á grenndarkynningu sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og mælir með að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að afgreiða umsókn um byggingarleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Tún 166281: Tún 2 177744: Sameining lóða – 1512014

Lögð fram umsókn dags. 4. desember 2015 um að lóðin Tún 2 177744 verði felld inn í jörðina Tún 166281.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðin verði sameinuð jörðinni Tún. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Langholt 1 166247: Fossmýri: Stofnun lóðar – 1512010

Lögð fram umsókn um stofnun 50 ha spildu úr landi Langholts 1 lnr. 166247 sem mun fá nafnið Fossmýri. Fram kemur að spildan liggi upp að Hallanda 2 (lnr. 198598) og Hallanda land (lnr. 196163) og hafa eigendur beggja skrifað undir uppdráttinn auk eigenda Langholts 1 (lnr. 166247)

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun spildunnar og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

Rétt er að taka fram að aðkoma að lóðinni „Fossmýri“ er frá Langholtsvegi nr. 318 um Hallandaveg nr. 3156 og veiðislóða sem liggur norður að frístundahúsum í landi Langholts 1. Kvöð er um umferðarrétt um aðkomuvegin.

e) Bitra 166223: Bitra viðbótarlóð og Bitra þjónustumiðstöð: Stofnun lóðar og sameining – 1512016

Lögð fram umsókn um stofnun 15.084,5 fm spildu úr landi Birtu lnr. 166223 sem fyrirhugað er að sameina aðliggjandi landi. Gert er ráð fyrir að byggð verði upp þjónustumiðstöð á lóðinni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar úr landi Bitru með fyrirvara um að lóðin verði eingöngu vestan Skeiða- og Hrunamannavegar. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

f) Bitra: Þjónustumiðstöð: Deiliskipulag – 1512011

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustumiðstöð á spildu úr landi Bitru við vegamót Suðurlandsvegar og Skeiða- og Hrunamannavegar.

Afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands. Tillagan verður tekin til afgreiðslu að nýju þegar þessar umsagnir liggja fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

g) Þorleifskot lóð 187517: Umsókn um byggingarleyfi: Reiðskemma – viðbygging – 1512006

Sótt er um leyfi til að byggja haughús við reiðskemmu, 32,3 ferm og 143,9 rúmm úr steypu.

Nefndin samþykkir að ekki sé þörf á grenndarkynningu sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og mælir með að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að afgreiða umsókn um byggingarleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

h) Langholt 2 lnr. 166249: Deiliskipulag – 1509072

Lögð fram lagfærð tillaga að deiliskipulagi fyrir um 1 ha spildu úr landi Langholts 2 til samræmis við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps 19. nóvember 2015. Í breytingunni felst að skipulagsmörk svæðisins færast til og svæðið minnkar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

i) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15-20 - 1512002F

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. desember 2015 lagðar fram til kynningar.

2. Önnur mál

a) Erindi til Skipulagsnefndar Uppsveita

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að Skipulagsnefnd uppsveita taki til umræðu á næsta fundi og marki sér stefnu um fjarlægð bygginga að lóðamörkum fyrir alifugla-svína og loðdýrabú.

Samþykkt með 5 atkvæðum.